

Nd. 137. Frumvarp til laga

um eftirlit með sveitarfélögum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 64, með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

Félagsmálaráðherra hefir yfirstjórn allra sveitarmálefna í landinu. Hann skipar eftirlitsmann sveitarstjórnarmálefna og setur honum erindisbréf. Ennfremur er ráðherra heimilt að skipa einn trúnaðarmann í hverjum landsfjórðungi, er hafi á hendi eftirlit með sveitarstjórnarmálefnum í umdæmi sínu undir yfirstjórn eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna.

Eftirlitsmaður hefir að árslanum kr. 6000.00, er greiðast úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga. Úr sama sjóði greiðist og skrifstofukostnaður eftirlitsmanns og annar kostnaður við eftirlit með sveitarfélögum samkvæmt lögum þessum.